

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum á tíu ára afmæli *Netlu – Vef tímarits um uppeldi og menntun*

Grein birt 9. janúar 2012

Jóhanna Einarsdóttir

Leikskólakennaramenntun í mótun

Í þessari grein er fjallað um leikskólakennaramenntun á Íslandi, einkum þróun síðustu ára frá því að námið fluttist á háskólastig og varð hluti af menntun annarra kennara. Þróun námsins er skoðuð í ljósi breytinga sem orðið hafa á leikskólakennaramenntun á Norðurlöndum. Jafnframt er varpað ljósi á stöðu leikskólakennaranámsins og fagmennsku leikskólakennara nú þegar námið hefur verið á háskólastigi í rúman áratug. Höfundur bendir á ýmsar áskoranir sem sú öra þróun sem orðið hefur á náminu hefur haft í för með sér. Mat höfundar er að Íslendingar hafi að ýmsu leyti verið í forystu á Norðurlöndum hvað varðar skipulag og tilhögun leikskólamála.

Höfundur er prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

The evolution of preschool teacher education in Iceland

This paper focuses on preschool teacher education in Iceland, particularly on recent developments since the program was transferred to the tertiary level and became part of the education program of other teachers. The development of the program is viewed in light of changes that have occurred in preschool teacher education in Scandinavia. Also discussed is the status of preschool teacher education and the professionalism of teachers since the program has been taught at the university for over a decade. The author points out several challenges that this development has led to in the program and argues that Iceland has in many ways been a leader in the Nordic countries in terms of the organization and arrangement of early childhood education. The author is professor of early childhood education at the School of Education, University of Iceland.

Inngangsorð

Hér verður fjallað um leikskólakennaramenntun á Íslandi og þróun hennar í ljósi breytinga sem orðið hafa á leikskólakennaramenntun á Norðurlöndum. Einkum verður horft til þróunar hin seinni ár frá því að námið fluttist á háskólastig og varð hluti af menntun annarra kennara. Jafnframt er varpað ljósi á stöðu leikskólakennaranámsins og fagmennsku leikskólakennara nú þegar námið hefur verið á háskólastigi í rúman áratug.

Leikskólakennaramenntun á Norðurlöndum

Á undanförunum tveimur áratugum hefur mikil endurskipulagning orðið á menntun leikskólakennara á Norðurlöndum og hafa þær breytingar bæði tekið til skipulags og inni-

halds námsins. Hér verður stiklað á stóru og farið yfir stöðu mála hjá nágrönnum okkar annars staðar á Norðurlöndum.

Finnland

Allt til ársins 1995 fór menntun leikskólakennara í Finnlandi fram í sérstökum leikskólakennaraskólum. Nú fara leikskólakennaranemar í gegnum þriggja ára nám, oftast í háskólum eða fagháskólum (e. *university of applied sciences*). Leikskólakennarar ljúka nú í auknum mæli meistaraþrófi þótt það sé ekki skylda. Finnskir leikskólakennarar starfa að öllu jöfnu á dagheimilum (e. *daycare centers*) fyrir börn á aldrinum eins til fimm ára eða í svokölluðum leikskólabeckjum (e. *preschool classes*) sem sex ára börnin sækja árið áður en þau hefja grunnskólagönguna. Leikskólabeckirnir eru á vegum grunnskólanna og eru ekki hluti af skyldunámi þó svo að nær öll finnsk börn sæki þá. Leikskólakennarar eða grunnskólakennarar kenna í þessum bekkjum. Á dagheimilum hafa einungis 20% starfsfólksins leikskólakennaramenntun, 10% eru tómstundafræðingar og um 70% starfsfólksins eru ófaglærð (Johansson, 2006; Onnismaa og Kalliala, 2010). Mennta- og menningarráðuneytið ber ábyrgð á leikskólabeckjum og frístundaheimilum en dagheimili eru á ábyrgð félags- og heilbrigðisráðuneytis. Um langa hríð hefur verið tekist á um þetta fyrirkomulag. Núverandi stjórn landsins hefur lýst yfir þeim ásetningi sínum að flytja stjórn og ábyrgð dagheimila yfir til mennta- og menningarráðuneytis þannig að allt menntakerfið verði á einni hendi (Prime Minister Office, 2011).

Danmörk

Í kjölfar breytinga á kennaramenntun í Danmörku, sem hófust um 1992, var menntun leikskólakennara sameinuð menntun þroskaþjálfra og tómstundafræðinga. Um er að ræða þriggja og hálfis árs nám í fagháskólum þar sem fólk útskrifast með starfsheitið „social pædagog“. Með þessari skipan var nám leikskólakennara vendilega greint frá námi grunnskólakennara. Menntunin var almenn þar sem lögð var áhersla á hæfni til að vinna með börnum, ungmennum og fullorðnum og fólki með fötlun. Þetta fyrirkomulag var töluvert gagnrýnt og árið 2006 var gerð sú breyting að gefinn var kostur á sérhæfingu á þremur sviðum: (a) börn og ungmenni, (b) fatlaðir, (c) fólk með félagsleg vandamál. Þeir sem velja vinnu með börnum og ungmennum fá kennslu í leikskólafræðum (Johansson, 2006; *Lov om uddannelsen til professionsbachelor som pædagog, 2006*). Danskir leikskólar hafa til þessa verið á ábyrgð félags- og velferðaryfirvalda, ekki menntamálaráðuneytis eins og grunnskólarnir og leikskólabeckirnir (d. *børnehaveklasser*) sem sex ára börnin sækja árið áður en þau hefja grunnskólagönguna. Í október 2011 voru leikskólar færðir undir ráðuneyti menntamála eins og grunnskólarnir. Rúmlega helmingur starfsfólks leikskólanna er með menntunina „social pædagog“ og svo til allt starfsfólk leikskólabeckjanna (Jensen, Broström og Hansen, 2010).

Noregur

Leikskólakennaramenntunin í Noregi er þriggja ára nám í fagháskólum (n. *høgskole*) eða háskólum. Hver skóli hefur til þessa getað skipulagt námið innan þess ramma sem lög og reglugerðir segja til um. Að undanfögnu hefur hins vegar farið fram endurskipulagning leikskólakennaramenntunarinnar og árið 2013 tekur gildi aðalnámskrá fyrir leikskólakennaramenntunina. Árið 2005 voru málefni leikskólans flutt frá félags- og fjölskylduráðuneytinu yfir í menntamálaráðuneytið í þeim tilgangi að skapa samfellu í námi barna (Ministry of Education and Research, 2011; NOKUT, 2010; Rammepplan for førskolelærerutdanningen, 2011). Aðeins um þriðjungur starfsfólks norskra leikskóla er leikskólakennarar (Statistisk sentralbyrå, 2011). Þeir gegna oft stöðu stjórnenda og starfa með tveimur ófaglærðum aðstoðarmönnum sem sjá að mestu um vinnuna með börnunum. Frá árinu 2010 hefur réttur barna til leikskóladvalar frá eins árs aldri verið tryggður. Norsk börn hefja nú grunnskólagöngu sex ára og starfa leikskólakennarar, sem bætt hafa við einu ári í námi, í fyrsta

bekk grunnskólans ásamt grunnskólakennurum. Leikskólakennarar starfa einnig á frístundaheimilum (Johansson, 2006).

Svíþjóð

Árið 2000 fór fram endurskoðun á kennaranámi í Svíþjóð sem leiddi til sameiginlegrar menntunar fyrir alla kennara. Menntun kennara yngri barna var þriggja og hálfis árs (210 ECTS-eininga) háskólanám sem veitti réttindi til kennslu í leikskólum, leikskólabekkjum, frístundaheimilum og í fyrsta til sjötta bekk grunnskóla. Árið 2011 var kennaramenntuninni breytt til fyrra horfs og sérstök menntun skipulögð fyrir hvert skólastig. Leikskólakennararnemar fá nú réttindi til að vinna í leikskólum og leikskólabekkjum sem ætlaðir eru sex ára börnum áður en þau hefja grunnskólagönguna sjö ára. Hver háskóli getur skipulagt námið innan þess ramma sem lög og reglugerðir segja til um (Johansson, 2006; Karlsson Lohmander, 2004). Árið 1996 voru málefni leikskólans flutt frá félagsmálaráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 2011 sem leikskólinn varð formlega hluti af sænska skólakerfinu (Ministry of Education and Research, 2011). Sænskir leikskólakennarar starfa í leikskólum með börnum á aldrinum eins til fimm ára eða með sex ára börnum í leikskólabekkjum sem eru staðsettir í grunnskólanum. Um það bil 54% starfsfólks leikskóla eru leikskólakennarar, 41% hefur annars konar fagmenntun, einungis 5% starfsfólksins hafa enga formlega menntun til að vinna með börnum (Karlsson Lohmander, 2011).

Þróun leikskólakennaranáms á Íslandi

Saga leikskólakennaramenntunar á Íslandi spannar um 65 ár og hófst með stofnun Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1946 (Barnavinafélagið Sumargjöf, 1974). Líta má á stofnun skólans sem upphaf fagmennsku leikskólakennara. Námsstíminn var í byrjun tvö níu mánaða tímabil en lengdist í tvö ár árið 1957. Þegar skólinn var settur undir menntamálaráðuneytið árið 1973 var heiti hans breytt í Fósturskóla Íslands og námið varð fullt nám í þrjú ár (Jón Torfi Jónasson, 2006; Valborg Sigurðardóttir, 1998). Fósturskólinn var eini skólinn í landinu sem menntaði leikskólakennara þar til árið 1996 að leikskólakennaradeild var stofnuð við Kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Árið 1998 sameinuðust Kennaraháskóli Íslands, Fósturskólinn, Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni og Þroskaþjálfaskóli Íslands í eina háskólastofnun, Kennaraháskóla Íslands, og brautskráðust fyrstu leikskólakennararnir með B.Ed.-próf vorið 1998. Þau rök sem lágu að baki því að leikskólakennaranámið var færð á háskólastig voru bæði hagræn og fagleg. Menntun grunnskólakennara hafði verið á háskólastigi í rúmlega 20 ár á þessum tíma og var talið að með því að flytja leikskólakennaranámið á háskólastig myndi staða og virðing stéttarinnar og námsins aukast. Jafnframt var talið jákvætt að nemendur hefðu fjölbreyttara val í námi sínu og hluti af náminu væri sameiginlegur með grunnskólakennaranemum. Aukin samskipti og samvinna nema á þessum skólastigum myndi skapa nýjan skilning og innsýn. Einnig var gert ráð fyrir að með þessum breytingum myndu vinnuskilyrði starfsfólks batna og aðstæður skapast fyrir rannsóknir á sviðinu (Jóhanna Einarsdóttir, 1996).

Við flutninginn á háskólastig breyttist nám leikskólakennara töluvert. Námið varð fræðilegra og hluti námsins (15 einingar af 90) varð sameiginlegur fyrir alla kennaranema. Þannig urðu t.d. áfangar á borð við aðferðafræði hluti af grunnnámi leikskólakennara, en höfðu ekki verið það áður. Auk þessara sameiginlegu námskeiða var náminu skipt í þrennt: (a) námskeið um uppeldis- og kennslufræði leikskólans, þar með talin námskeið um leik, leikskóla án aðgreiningar, tengsl skólastiga og skráningu, (b) námskeið sem endurspegluðu námssvið leikskólans sem kynnt voru í nýrri *Aðalnámskrá leikskóla*, sem út kom 1999, og (c) vettvangsnám. Jafnhliða aukinni áherslu á fræðilega þætti var leitast við að tengja fræðin áfram við vettvang en sú tenging hefur verið eitt af sérkennum leik-

skólakennaranámsins. Jafnframt var gert ráð fyrir að í sem flestum námskeiðum væri miðað við fjölbreytileika í barnahópnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2000).

Síðustu ár Fósturskólans hafði ekki fengist fjármagn frá hinu opinbera til að taka inn nema hluta þeirra sem sóttu um námið. Þess vegna þurfti ár hvert að neita stórum hópi fólks um skólavist. Þegar leikskólakennaranámið fluttist á háskólastig minnkaði aðsóknin verulega. Til að bregðast við því var sett á fót svokallað „diplómanám“ fyrir þá sem ekki höfðu stúdentspróf eða sambærileg próf eða starfsreynslu sem tryggði jafngildan undirbúning. Um var að ræða tveggja ára hagnýtt nám fyrir ófaglært starfsfólk leikskóla sem unnið hafði a.m.k. þrjú ár í leikskóla. Nemendur, sem luku þessu námi með góðum árangri, gátu haldið áfram námi og lokið B.Ed.-prófi. Þessi ráðstöfun var hugsuð sem leið til að fjölga leikskólakennurum og draga úr þeim vanda sem leikskólarnir stóðu frammi fyrir vegna skorts á sérmenntuðu starfsfólki. Þessi aðgerð þótti takast vel og skilaði áhugasömum leikskólakennurum í starf (Jóhanna Einarsdóttir, 1999; Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004; Sif Einarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2002).


Á árunum 2005–2007 var unnið að endurskoðun kennaranáms við Kennaraháskóla Íslands í samræmi við Bologna-samþykktina sem gerir ráð fyrir samræmingu á kennaranámi í Evrópu í þeim tilgangi að auðvelda flæði milli Evrópulanda (Froment, Kohler, Purser og Wilson, 2006). Á sama tíma var hafinn undirbúningur sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Þær meginbreytingar sem gerðar voru á leikskólakennaranáminu á þessum tíma, voru þær að: (a) litlir námsáfangar voru sameinaðir þannig að öll námskeið urðu 10 ECTS, þetta var gert skv. ákvörðun háskólaráðs; (b) þriggja ára B.Ed.-nám var skipulagt auk tveggja ára meistaranáms til viðbótar; (c) sameiginlegir námsáfangar voru skipulagðir fyrir leikskóla- og grunnskólakennaranema; (d) vettvangsnámið, sem áður var í sérstökum námskeiðum, var samþætt fræðilegum áföngum í þeim tilgangi að tengja betur fræði og starf. Auk þess var gerður samningur við svokallaða heimaskóla þar sem nemar stunduðu vettvangsnám fyrstu tvö árin og áttu að hafa aðgang að fyrir verkefnavinnu tengda mismunandi námskeiðum; (e) hæfnimarkmið voru sett fram fyrir hvern námsáfanga; (f) rannsóknir áttu í auknum mæli að vera hluti af öllum námsáföngum.

Þessar breytingar sættu nokkurri gagnrýni meðal sérfræðinga skólans í leikskólamállum, einkum stytting vettvangsnámsins, sem fór úr 36 ECTS niður í 24 ECTS, og sameining námsáfanga sem dró verulega úr vægi listgreina sem áður höfðu verið meðal flaggskipa námsins.

Leikskólakennaramenntun á tímamótum

Árið 2008 markar tímamót í menntun leikskólakennara. Í fyrsta lagi voru lög um menntun og ráðningu kennara við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla samþykkt af Alþingi og kennaranám á Íslandi lengt í fimm ár þar sem krafist var meistaraþrófs til að öðlast kennsluréttindi á öllum skólastigum. Lögin öðluðust gildi 1. júlí 2011 (*Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008; Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, nr. 872/2009*). Annar stóráfangi í menntun leikskólakennara var þegar Kennaraháskólinn sameinaðist Háskóla Íslands og kennaranámið var felld undir Menntavísindasvið. Í kjölfarið voru nokkrar breytingar gerðar á skipulagi leikskólakennaranámsins.

Nám leikskólakennara er nú 180 ECTS B.Ed.-nám og 120 ECTS meistaranám. *Mynd 1* sýnir skipan leikskólakennaranámsins þegar þetta er ritað. Námið er samsett úr nokkrum meginþáttum sem skarast: uppeldis- og menntunarfræði, námssviðum leikskólans, loka-ritgerð, námskeiðum, sem eru sameiginleg með öðrum kennaranemum, ásamt vettvangsnámi og vali (Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 2010).



Mynd 1 – Uppbygging leikskólakennaranámsins haustið 2011.

Rannsóknir

Nám á háskólastigi kallar á rannsóknir og með flutningi leikskólakennaranámsins á háskólastig sköpuðust aðstæður fyrir rannsóknir á fræðasviðinu. Í maí 2007 var stofnuð Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) við Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Kennarasambandið, Reykjavíkurborg og Umboðsmann barna. Markmið RannUng er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0–8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknarstofunni er ætlað það hlutverk að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu, m.a. með útgáfu fræðigreina og fræðiritra og með fyrirlestrahaldi. Stofan var fyrsta rannsóknarstofan sem stofnuð var við Kennaraháskólann og hefur verið mikil lyftistöng fyrir rannsóknir í leikskólum. Þar sameina krafta sína fræðimenn á sviðinu og leikskólakennarar í framhaldsnámi og á vettvangi. Á vegum RannUng er unnið að rannsóknum á ólíkum sviðum leikskólans, svo sem á starfsháttum í leikskólum, leikskólakennarastarfinu, líðan og viðhorfum leikskólabarna og menntun leikskólakennara. Stærstu rannsóknarverkefni, sem nú eru í gangi, eru:

1. *Raddir barna*. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning og auka þekkingu á viðhorfum og hugmyndum ungra barna um ýmsa þætti í daglegu lífi þeirra og skólagöngu; jafnframt að þróa aðferðir til að rannsaka sýn barna og þá merkingu sem þau leggja í tilveru sína. Verkefnið er unnið með styrk frá Leikskólaráði Reykjavíkurborgar.
2. *Á sömu leið*. Um er að ræða *starfendarannsókn* (e. *action research*) sem unnin var í þremur leikskólum og þremur grunnskólum Reykjavíkurborgar og stóð rannsóknin í þrjú ár, frá janúar 2009. Markmið rannsóknarinnar var að auka

tengsl leikskóla og grunnskóla, skapa samfellu milli skólastiganna, stuðla að sveigjanleika í skólakerfinu og móta grunn að námskrá fyrir elstu leikskólaborðnin og yngstu grunnskólaborðnin. Rannsóknin var unnin í samstarfi við og með styrk frá Leikskólasviði og Menntasviði Reykjavíkurborgar.

3. *Fagmennska leikskólakennara*. Markmiðið með rannsóknarverkefninu er að auka þekkingu á völdum þáttum sem felast í fagmennsku leikskólakennara og tekur það til hlutverks leikskólakennara og starfs með börnum, foreldrum og samstarfsfólki. Verkefnið er styrkt af Félagi leikskólakennara.

RannUng heldur enn fremur ráðstefnur, fyrirlestra og málstofur í samstarfi við leikskóla-samfélagið auk þess sem gefnar hafa verið út bækur og rit á vegum rannsóknarstofunnar (sjá vef RannUng, <http://stofnanir.hi.is/rannung/>).

Skólavæðing

Á sama tíma og menntun leikskólakennara fluttist á háskólastig og varð hluti af menntun annarra kennara sameinaðist Félag leikskólakennara Kennarasambandi Íslands og er nú sérstakt félag innan þess. Jafnframt leit ný *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) dagsins ljós og tók við af *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* sem fyrst var gefin út árið 1985. Líta má á þessa þróun sem hluta af því ferli sem hófst árið 1973 þegar málefni leikskólans voru sett undir menntamálaráðuneytið (Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, nr. 29/1973). Árið 1994 varð leikskólinn samkvæmt lögum fyrsta skólastigið í skólakerfinu (Lög um leikskóla nr. 78/1994).

Í nágrannalöndunum hefur þeirrar tilhneigingar gætt að færa námsgreinamiðað nám í auknum mæli neðar í skólakerfið og leggja áherslu á formlegt nám fyrir sífellt yngri börn (Germeten, 2008; Jóhanna Einarsdóttir, 2005; Jón Torfi Jónasson, 2008; Walsh, 1989). Niðurstöður rannsókna hér á landi benda til þess að við höfum ekki farið varhluta af þessari þróun og má þar t.d. nefna að námsefni sex ára barna í dag er sambærilegt því sem sjö ára börn unnu með fyrir tveimur áratugum (Jóhanna Einarsdóttir, 2004). Þar sem kennaramenntunin hefur verið sameiginleg hafa hefðir grunnskólans gjarnan orðið yfirsterkari hefðum leikskólans (Johansson, 2006). Þeir sem borið hafa ábyrgð á leikskólakennaramenntuninni við Kennaraháskóla Íslands og Menntavísindasvið Háskóla Íslands hafa frá upphafi verið meðvitaðir um hugsanlegar afleiðingar þessara breytinga og lagt áherslu á að hugmyndafræði og sýn leikskólans glataðist ekki (Jóhanna Einarsdóttir, 2002, 2005). Á þeirri vegferð hafa ýmsar hindranir staðið í vegi.

Meðal leikskólakennara á vettvangi og í Félagi leikskólakennara virðast skoðanir hafa vera skiptar um hvort heillavænlegt sé að innleiða orðræðu og hefðir grunnskólans í leikskólann (sjá Kristínu Dýrfjörð, 2011). Annars vegar eru þeir sem telja mikilvægt að varðveita hugmyndafræði og orðræðu leikskólans og vilja sporna við því að hugtök og vinnubrögð skólastigsins fyrir ofan haldi innreið sína í leikskólann og taki þar yfir. Hins vegar eru þeir sem finnst eðlilegt að samræma hugtök leikskólans hugtökum grunnskólans í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á menntun leikskólakennara og þróun leikskólans. Þetta sjónarmið varð ofan á árið 2007 þegar Félag leikskólakennara skipaði sérstaka hugtakanefnd sem lagði til að hugtökin skóli, skólastjóri, nemendur og kennsla væru notuð í leikskólanum (Kristín Dýrfjörð, 2011). Í lögum um leikskóla frá 2008 (*Lög um leikskóla nr. 90/2008*) og *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 er hins vegar gengið út frá orðræðu leikskólans og t.d. talað um leikskólakennara og leikskólastjóra í stað kennara og skólastjóra, um börn en ekki nemendur og um leik efni en ekki kennslugögn. Í almennum hluta aðalnámskránnar sem ætlaður er öllum skólastigum vikur orðræða leikskólans á hinn bóginn fyrir hugtökum grunnskólans og framhaldsskólans og er t.d. talað um nemendur og kennslustundir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Að lokum

Íslendingar hafa að ýmsu leyti verið í forystu á Norðurlöndum hvað varðar skipulag og tilhögun leikskólamála. Allt frá því að hið opinbera tók yfir leikskólana árið 1973 hafa þeir verið á ábyrgð menntamálaráðuneytisins en ekki ráðuneyti félags- eða heilbrigðismála eins og raunin var annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna má gera því skóna að lítið hafi verið á leikskólana sem menntastofnanir en þeir heyrðu ekki eingöngu undir félags- eða vinnumarkaðsmál. Það var ekki fyrr en árið 1996 sem málefni leikskólans voru flutt til menntamálaráðuneytisins í Svíþjóð og árið 2005 í Noregi. Í Danmörku voru leikskólarnir færðir undir ráðuneyti menntamála í lok árs 2011 og í Finnlandi eru þeir enn á ábyrgð félags- og heilbrigðisráðuneytis. Með flutningi leikskólakennaranámsins á háskólastig og síðan lögleiðingu meistaranáms fyrir leikskólakennara var Ísland einnig í forystu. Annars staðar á Norðurlöndum fer menntunin enn fram samhliða í fagháskólum og háskólum og er á bakkalárstigi.

Sú öra þróun sem orðið hefur á leikskólakennaramenntuninni hefur verið töluverð ögrun fyrir þá sem að menntuninni hafa staðið. Í fyrsta lagi má nefna þá stöðu að vera í minnihluta í sameinaðri kennaramenntunarstofnun sem getur haft í för með sér að leikskólakennaramenntunin tapi sérkennum sínum og falli inn í menntun grunnskólakennara. Í öðru lagi hafði flutningur námsins á háskólastig í för með sér fækkun nema í leikskólakennaranámi. Brugðist var við með tímabundnum aðgerðum og sett á fót diplómanám fyrir starfsfólk leikskóla sem ekki hafði nægjanlega undirbúningsmenntun til að stunda háskólanám. Við lengingu námsins í fimm ára meistaranám hefur enn orðið fækkun á nemum sem sótt hafa í námið, og þar með fækkun brautskráðra leikskólakennara. Á Menntavísindasviði hefur verið spyrnt við fótum og lögð áhersla á metnaðarfullt leikskólakennaranám byggt á rannsóknum á sviði menntunarfræða ungra barna og norrænni leikskólahefð þar sem áhersla er lögð á uppeldi og menntun barna í samvinnu við foreldra og nærsamfélagið, tengsl leiks og náms, tengsl menntunar og umönnunar, samþættingu og þemavinnu, og ekki síst fjölbreytileika barna.

Heimildir

Froment, E., Kohler, J., Purser, L. og Wilson, L. (ritstjórar). (2006). *EUA Bologna handbook: Making Bologna work*. Berlin: Raabe.

Germeten, S. (2008). Early childhood education in Norway: Time as an indication for pedagogical space? Í U. Härkönen og E. Savolainen (ritstjórar), *International views on early childhood education*. Joensuu: University of Joensuu, Savonlinna Department of Teacher Education. Sótt 20. október 2011 af <http://sokl.joensuu.fi/verkkojulkaisut/varhais/germeten.pdf>

Heimasíða Rannung (2011). Sótt 30. nóvember 2011 af <http://stofnanir.hi.is/rannung/>

Jensen, A. S., Broström, S. og Hansen, O. H. (2010). Critical perspectives on Danish early childhood education and care: Between the technical and the political. *Early Years: An International Journal of Research and Development*, 30(3), 243–254.

Johansson, J.-E. (2006). Will there be any preschool teachers in the future? Í J. Einarsdóttir og J. T. Wagner (ritstjórar), *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden* (bls. 43–69). Connecticut: Information Age Publishing.

Jóhanna Einarsdóttir. (1996). Early childhood teacher preparation in Iceland. *Journal of Early Childhood Teacher Education*, 17(3), 36–42.

Jóhanna Einarsdóttir. (1999). Diplómanám KHÍ. Tveggja ára hagnýtt nám fyrir starfsmenn leikskóla. *Fréttabréf leikskólakennara*, 8(21), 14–17.

Jóhanna Einarsdóttir. (2000). Skipulag, hugmyndasýn og inntak leikskólakennaranáms. *Athöfn*, 1(32), 26–30.

Jóhanna Einarsdóttir. (2002). Fleygjum við barninu með baðvatninu? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 1. nóvember 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2002/010/index.htm>

Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Tvær stefnur – tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 57–78.

Jóhanna Einarsdóttir. (2005). Nýjar áherslur í leikskólastarfi: Kalla þær á breytingar á leikskólakennaramenntuninni? Í Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (ritstjórar), *Nám í nýju samhengi: Erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst 2005* (bls. 11–24). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2004). „Á ég að vera með því líkum kerlingum í bekk?“ Reynsla eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 45–66.

Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofna um menntakerfi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Jón Torfi Jónasson. (2008). Innlend stefnumið og alþjóðleg viðmið. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* (bls. 254–269). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Karlsson Lohmander, M. (2004). The fading of a teaching profession? Reforms of early childhood teacher education in Sweden. *Early Years: An International Journal of Research and Development*, 24(1), 23–34.

Karlsson Lohmander, M. (2011). *Continuing professional development of early childhood staff in Sweden. Report commissioned by the Deutsches Jugendinstitut (DJI)/Weiterbildungsinitiative frühpädagogische Fachkräfte (WIFF)*. München: Óútgefið handrit.

Kristín Dýrfjörð. (2011). Er leikskólinn sólkerfi, reikistjarna eða tungl? Eftirnýlendumvæðing leikskólahugmyndafræðinnar. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 381–388). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Lov om uddannelsen til professionsbachelor som pædagog. (2006). Sótt 11. nóvember 2011 af <https://www.retsinformation.dk/Forms/r0710.aspx?id=25070>

Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, nr. 29/1973.

Lög um leikskóla, nr. 78/1994.

Lög um leikskóla, nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008.

Menntamálaráðuneytið. (1985). *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili: Markmið og leiðir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: höfundur. Sótt 1. október 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952>.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (2010). *Greinargerð um námsleiðir í kennaranámi við Menntavísindasvið HÍ: Áfangaskýrsla III*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 1. desember 2011 af <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/wp-content/uploads/2010/04/greinagerdumnamsleidir.pdf>

Ministry of Education and Research. (2011). *Ministry of Education and Research*. Sótt 10. nóvember 2011 af <http://www.regjeringen.no/nb/dep/kd/pressesenter/pressemeldinger/2011/utsetter-oppstart-av-ny-forskolelarerutd.html?id=663388>

NOKUT. (2010). *Evaluering av førskolelærerutdanning i Norge 2010: Del 1- Hovedrapport*. Oslo: NOKUT.

Onnismaa, E.-L. og Kalliala, M. (2010). Finnish ECEC policy: Interpretations, implementations and implications. *Early Years: An International Journal of Research and Development* 30(3), 267–277.

Prime Minister Office. (2011). *Programme of Prime minister Jyrki Katainen's government. Helsinki: Prime Minister Office*. Sótt 10. nóvember 2011 af <http://www.vn.fi/hallitus/hallitusohjelma/pdf332889/en334743.pdf>

Rammeplan for førskolelærerutdanningen. Sótt 10. nóvember 2011 af <http://www.hihm.no/Prosjektsider/Rammeflu>

Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, nr. 872/2009.

Sif Einarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2002). Fátt er reynslunni fróðara: Námsgengi ólíkra nemendahópa í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 11, 81–99.

Statistisk sentralbyrå. (2011). Sótt 21. nóvember 2011 af <http://www.ssb.no/>

Valborg Sigurðardóttir. (1998). *Fósturskóli Íslands: Afmælisrit í tilefni 50 ára afmælis skólans 1996*. Reykjavík: Gott mál.

Walsh, D. J. (1989). Changes in kindergarten: Why Here? Why Now? *Early Childhood Research Quarterly*, 4, 377–391.



Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Leikskólakennaramenntun í mótun. *Netla – Vef tímarit um uppleidi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum á tíu ára afmæli *Netlu – Vef tímarits um uppleidi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/002.pdf>